KVENNA
ATHVARF

Alþingi
Erindi nr. Þ 123/991
komudagur 18.2.'99

Reykjavík, 16/2 1999.

**Nefndarsvið Alþingis,**
**Þórshamri v/ Templarasund,**
**150 Reykjavík.**

***Efni: Umsögn um frumvarp til laga um meðferð opinberra mála, 354. mál.***

Samtök um kvennaathvarf fengu til umsagnar Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, með síðari breytingum.

Samtökin lýsa ánægju sinni með þær breytingar sem hér er lagt til að verði gerðar til að bæta stöðu brotaþola.

Við teljum hinsvegar að inn í lög um meðferð opinberra mála þurfi að setja ákvæði um nálgunarbann en það hefur verið baráttumál Samtaka um kvennaathvarf til langs tíma. Fram hjá þessu getum við ekki horft því nálgunarbannið skiptir gífurlega miklu máli fyrir skjólstæðinga okkar og óskum við því eftir að það komi inn í þessar breytingar.

Ljóst er að þótt vilji löggjafans standi til að setja nálgunarbann inn í lög við heildarendurskoðun þá getur það ferli tekið mörg ár eins og dæmin sanna og við ítrekum þá skoðun okkar að málið þoli ekki þá bið vegna aðstæðna fjölda kvenna.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. Samtaka um kvennaathvarf,

Ásta Júlía Arnardóttir

Ásta Júlía Arnardóttir,
**fræðslu- og kynningarfulltrúi.**